

gerð lokinni, enda fylgist Skipaskoðun ríkisins með verkinu frá upphafi og taki það út.

Þegar greitt er sérstaklega gegn framvísun tollreikninga, skulu reikningar (fakturur) fylgja þeim.

Þegar skipt er um vélar í skipum eða ný tæki sett í þau, telst það viðgerð.

Endurgreiðslurnar falli til skipamiðastöðvarinnar eða verkstæðis þess, sem viðgerðina framkvæmir, þó er þessum aðilum heimilt að framselja þær verkkaupa.

4. Söluskattur.

Að endurgreiddur verði allur söluskattur, sem viðkomandi skipasmíðastöð sannar, að hún hafi greitt til innheimtumanns ríkissjóðs vegna tiltekinnar nýsmíði skips 10 brl. eða stærra. Sama gildir um meiri háttar viðgerðir, sem endurgreiðslurétt hafa samkv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Beiðni um endurgreiðslu söluskatts skal senda ráðuneytinu um leið og beiðni um endurgreiðslu tolla, og skal beiðninni fylgja nákvæm greinargerð, þannig fram sett, að skattyfirvöld geti auðveldlega sannreynt réttmæti endurgreiðslufjárhæðar.

5. Reglur þessar ná til allra skipa, sem nú eru í smíðum og ekki hafa verið afhent kaupanda við undirskrift auglýsingar þessarar.

6. Endurgreiðsla tolla vegna báta minni en 10 brl., fer eftir sömu reglum og tíðkamt hefur til þessa, þ. e. kr. 3800.00 pr. rúmlest, auk tolla af vélum og tækjum samkv. tollreikningum

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

21. október 1968.

Nr. 274.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 4 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 30. október 1968 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. október 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.